# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hvítanes | 03 |
| 02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003 | 03 |
| 03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú | 03 |
| 03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003 | 03 |
| 03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48) endurbygging. II. áfangi | 03 |
| 02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003 | 03 |
| 03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003 | 03 |
| 02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711) Tjarnará - Þórsá 2003 | 03 |
| 02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsá 2003 | 03 |
| 02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003 | 03 |
| 02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu | 03 |
| 03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Vífilsstaðavegur | 03 |
| 03-008 Vl. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004 | 03 |
| 03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik | 03 |
| 01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut | 03 |
| 03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls | 03 |
| 03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun | 03 |
| 03-036 Sl. Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003 | 03 |
| 02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá | 03 |
| 01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun | 03 |
| 03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813) | 03 |
| 02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005 | 03 |
| 03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Sveinanes | 03.03 |
| 03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn | 03.03 |
| 03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós | 03.03 |
| 03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67) um Kálfaneslæk | 03.03 |
| 03-024 N.v. Yfirborðsmerkingar, sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003-2004 | 03.03 |
| 03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Hundaþúfa | 03.03 |
| 00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 03.03 |
| 03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing | 03.03 |
| 03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859) | 03.03 |
| 03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Hringvegur - Lindarhlíð | 03.03 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-006 Vl. Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt | | 03 |
| 03-015 Rn. Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun | | 03 |

| Útboð sem hafa verið auglýst, framhald | Auglýst: | |
|---|---|---|
| 03-025 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Strandvegur á Sauðárkróki 2003 | 24.02.03 | 10.03.03 |
| 02-099 N.v. Fitjavegur (714) Ásland - Miðfjarðarvegur | 24.02.03 | 10.03.03 |
| 02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata -Tjarnargata á Siglufirði | 24.02.03 | 17.03.03 |
| 03-023 N.v. Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003-2004 | 24.02.03 | 10.03.03 |
| 03-004 Vf. Djúpvegur (61), Þorskafjarðarvegur - Sóleyjarhvammur | 24.02.03 | 10.03.03 |
| 03-005 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003 | 24.02.03 | 10.03.03 |
| 02-019 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð | 17.02.03 | 10.03.03 |
| 02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði | 17.02.03 | 03.03.03 |
| 03-035 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka, eftirlit | 17.02.03 | 03.03.03 |
| 03-026 Au. Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit | 17.02.03 | 10.03.03 |
| 03-016 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka | 10.02.03 | 10.03.03 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-034 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), niðurrekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós | 10.02.03 | 24.02.03 |
| 03-027 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar | 10.02.03 | 24.02.03 |
| 01-122 Au. Fáskrúðsfjarðargöng | 21.05.02 | 17.02.03 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|

Ekki hafa borist neinar fréttir af nýjum verksamningum frá því síðasta tölublað kom út.

## Auglýsingar útboða

### Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut – Laugarholt 03-006

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í endurlagningu Bæjarsveitarvegar (513) frá Borgarfjarðarbraut að Laugarholti. Lengd kafla 2,7 km.

Helstu magntölur: Skeringar 2.000 $m^3$, þar af bergskeringar 350 $m^3$, fyllingar 13.600 $m^3$, neðra burðarlag 5.000 $m^3$, efra burðarlag 2.700 $m^3$, klæðingar 16.000 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. mars 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14.00 mánudaginn 17. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

# Framkvæmda-fréttir 6. tbl. /03

VEGAGERÐIN



## Hringvegur um Norðurárdal í Akrahreppi

Á vegáætlun Alþingis fyrir árin 2000-2004 eru byrjunarfjárveitingar, 21 m.kr. 2003 og 209 m.kr. 2004, til kaflans á Hringvegi frá Kjálkavegi að Heiðarsporði í Akrahreppi. Í samgönguáætlun Alþingis fyrir árin 2003-2014 er gert ráð fyrir fjárveitingu til uppbyggingar Hringvegar um Norðurárdal í Skagafirði. Reiknað er með 440 m.kr. á tímabilinu 2003-2006 og 280 m.kr. á tímabilinu 2007-2010. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist árið 2004 og verði lokið haustið 2007.

### Mat á umhverfisáhrifum

Nú hefur verið lagt fram mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa framkvæmd og má sjá matsskýrsluna í heild á vef Vegagerðarinnar vegagerdin.is. Í samantekt segir m.a.:

*Hringvegur um Norðurland vestra er allur endurbyggður með bundnu slitlagi, nema 15 km langur kafli um Norðurárdal. Þar er vegurinn með bundnu slitlagi en fremur mjór með fjórum einbreiðum og lélegum brúm. Á honum eru blindbeygjur og blindhæðir. Við brýrnar eru tíð umferðaróhöpp og vegurinn mikil slysagildra. Nokkur skriðuhætta er í dalnum. Samkvæmt umferðartalningu 2001 var ársdagsumferðin í Norðurárdal 732 bílar á sólarhring. Meðalhlutfall þungra bifreiða er um 10-15%.*

Skoðaðar hafa verið nokkrar veglínur og hefur Vegagerðin gert línu M að tillögu sinni (sjá loftmynd í opnu) en útilokar ekki

### Hringvegur (1), Víkurvegur – Skarhólabraut, hönnun 03-015

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboði í for- og verkhönnun á tvöföldun þjóðvegar nr. 1, Hringvegur, milli Víkurvegar í Reykjavík og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ, um 3,5 km ásamt tveimur hringtorgum.

Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnisvals og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð.

Um verkið gilda Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST 35, 1. útgáfa 1992-03-01.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Verkhönnun skal lokið fyrir 1. desember 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. mars 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 31. mars 2003, og verða þau opnuð þar sama dag kl. 14:15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður haldinn á sama stað mánudaginn 7. apríl 2003 klukkan 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og tilboðsskrá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Einungis verða lesin upp nöfn bjóðenda og samanlögð þóknun af tilboðseyðublöðum.


**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 11. árg. nr. 328 3. mars 2003**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.